

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, um 199 ákvörðun verzlunarlóða, sbr. lög nr. 37/1960, og birtist til eftirbreytni öllum, sem 23. nóv. hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Porv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

200

varðandi gin- og klaufaveiki.

30. nóv.

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur gengur nú á Bretlandseyjum, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt téðum lögum og auglýsingu þessari er:

Bannaður með öllu innflutningur á heyi, hálm, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum sem og eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land, má þó flytja inn, enda séu þær sóttthreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands.

Frá Bretlandseyjum er enn fremur bannaður innflutningur á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og kónglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

Farþegar og áhafnir farartækja skulu gefa yfirlýsingu samkvæmt 4. gr. laganna um dvöl sína erlendis, strax og þau koma til Íslands.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing, dags. 24. júlí 1953 (Lögbirtingablað nr. 57 1. ágúst 1953).

Brot á lögum nr. 11/1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

GJALDSKRÁ

201

um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni, Súgandafirði.

25. nóv.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir.

1. gr.

Lágmarksgjald skal vera 200 — tvö hundruð — krónur á ári af hverju húsi, sem vatn er leitt í.

2. gr.

Af hverju íbúðarhúsi skal greiða árlega í vatnsskatt 50 krónur af hverju heilu þúsundi eða broti úr þúsundi fasteignamats upp að 8 þúsund krónur, en 20 krónur af hverju þúsundi þar fram yfir, upp í 18 þúsund krónur. Af hverju þúsundi fasteignamats fram yfir 18 þúsund, skal greiða 10 krónur.